

**52. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
19. janúar 2017 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1604011 - Deilisk. - Sementsreitur

Kynning ASK arkitekta á deiliskipulagstillögu.

Kynnt voru lokadrög að deiliskipulagi Sementsreits. Bæjarfulltrúum var boðið að sitja þessa kynningu.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Gunnari Sigurðssyni frá Ask arkitektum góða kynningu.

2. 1701210 - Aðalsk. - Sementsreitur, breyting

Skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Sementsreits.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar á tímabilinu frá 26. janúar 2017 til og með 3. febrúar 2017.

Í framhaldi af auglýsingu skipulagslýsingar verði boðaður almennur íbúafundur til kynningar á henni og fyrirliggjandi drögum að deiliskipulagi.

3. 1701216 - Aðalsk. - Dalbraut og Þjóðbraut breyting

Skipulagslýsing fyrir breytta afmörkun miðsvæðis M4 í aðalskipulagi.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar á tímabilinu frá 26. janúar 2017 til og með 3. febrúar 2017.

Í framhaldi af auglýsingu skipulagslýsingar verði boðaður almennur íbúafundur til kynningar á henni og fyrirliggjandi drögum að deiliskipulagi.

ETS
S.P.H.

4. 1701211 - Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata 102 breyting

Breyting á greinargerð deiliskipulags Stofnanareits vegna Vesturgötu 102. Gildandi sérákvæði aðalskipulags Akraness um lóðina er þjónustustarfsemi, þjónustustofnanir og íbúðir.

Sérákvæði í greinargerð gildiandi deiliskipulags:

"Vesturgata 102 og 104, lóð vistheimilis fatlaðra. Gert er ráð fyrir að stækkun þessa heimilis geti orðið á lóð nr. 104, þá einnar hæðar bygging".

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að ofangreindu sérákvæði verði breytt með eftirfarandi hætti:

"Á Vesturgötu 102 er gert ráð fyrir þjónustustarfsemi, þjónustustofnun og/eða íbúðum í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi. Einnar hæðar bygging".

Breyting verði afgreidd í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem heimilað er að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breytingin varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda. Auglýsingu um breytinguna skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

5. 1403189 - Sementsreitur - rekstur

Fyrirspurn um leigu á svæði í efnisgeymslunni

Skipulags- og umhverfisráð getur ekki orðið við erindinu.

6. 1609093 - Fjárfestinga-og framkvæmdaáætlun 2017

Sviðstjóri fór yfir stöðu verkefna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:05.

Einar Þ. Þorsteinsson
Rannveig Óskarsdóttir
Sig. P. H.
Karinna Jónsdóttir
Kristín Jónsdóttir
Valgerður S. Þorsteinsson
Stein Þ. Þorsteinsson
Haldris Sigurðsson